

vatn og brauð. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun skipaðs sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 26/1903:

Skafti Jósefsson  
gegn  
Árna Jóhannssyni.

#### D ó m u r:

Mál þetta er höfðað af stefnda Árna bæjargjaldkera Jóhannssyni á Seyðisfirði gegn áfrýjandanum ritstjóra blaðsins »Austri« Skafta Jósefssyni fyrir ærumeiðingar í grein með fyrirsögninni: »Einvalalið Valtýinga í Norður-Múlasýslu«, í 19. tölublaði 12. árg. nefnds blaðs, sem út kom 30. maí 1902, og var málið dæmt í aukarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar 22. desember s. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 dæmdur í 50 króna sekt til landssjóðs, eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, og hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk; svo skyldi og áfrýjandinn greiða stefnda málskostnað með 12 krónum.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir-

dómsins með stefnu, dags. 16. maí f. á., og hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum, að hann verði gjörsamlega sýknaður af öllum kærnum og kröfum í máli þessu og sér dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati réttarins. Stefndi, sem hefir gagnáfrýjað málinu, hefir aftur á móti krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að áfrýjandi verði dæmdur í þá hegningu, er lög frekast leyfi, og til að greiða málskostnað bæði í aðal- og gagnsökinni eftir mati réttarins.

Ummæli þau, er átalin eru af stefnda sem ærumeiðandi fyrir hann í fyrnefndri grein í »Austra« eru svohljóðandi: »Árni Jóhannsson sem siðameistari tekur þó varla honum fram sem sögufræðingi. — Skrifarinn veinar svo kinduglega undan þeirri »ósvífni« Austra fyrir að minnast á »kosningabrellur Valtýinga og svikamyllnu«. — En hvað segir siðameistari þessi um það, að Eiríkur bóndi Jónsson á Refsmýri sendi oss eftirfarandi miða, er hann tók í tveggja votta viðurvist innan úr Austrablaði sínu: »Hér með tilkynnist yður, að vér munum fylgja Jóhannesi sýslum. og síra E. Þ. Hofteigi við kosningu í vor, yðar Sk. Jósefsson«. Herra skrifari! vitið þér hvað þetta heitir? Það heitir *fölsun*, og sá, sem hefir ritað það, er falsari og tukhúslimur, ef upp á honum hefst. — Það hafa líklega verið gefnir út margir falsmiðar þessum líkir. — Herra skrifari! viljið þér eigi líta á miðann hjá oss, ef vera kynni að þér könnuðust við rithöndina? — Vér berum það nú undir almenning, hvort það sé of berort, að kalla þvilika og aðra eins aðferð »kosningabrellu eða kosningasvikamyllu«. Tilgangurinn er svo augljós, þó að aðferðin sé fram úr hófi heimskuleg. — En

getur nú nokkur heiðarlegur kjósandi fyllt þann flokk, er beittir þvilíkri ærulausri aðferð við kosningarnar? Sá málstaður, er þykist þurfa hennar með, og fleira af sama tagi, ætti að vera veginn og léttur fundinn!»

Stefndi hefir álitid, að í þessum tilfærða kaffa sé dróttad að sér skjalatölsun og hann kallaður falsari og tukthúslimur, og borið á sig, að hann hafi beitt ærulausri aðferð við nýafstaðnar kosningar. En eins og áfrýjandinn hefir eindregið neitað því, að nokkuð slíkt hafi verið tilgangur sinn með greinarkafnanum, eins verður slík aðdróttun eða aðdróttanir ekki leiddar út úr kafnanum, hvorki beinlínis né óbeinlínis. Eins og áfrýjandi hefir tekið fram, miða ummælin í greinarkafnanum að eins að því, að sýna fram á, að það hafi verið ástæðulaust af stefnda, að snúa sér sem síðameistara sérstaklega að Austrá, og kalla það ósvífni af honum, að minnast á kosningabrellur og svikamylnu af hálfu Valtýinga, þess pólitiska flokksins, er stefndi telur sig til, og vill áfrýjandinu sanna það með frásögninni um falsmiðann, er hann kallar svo, að Austri hafi eigi verið of berorður, er hann kallaði »þvilíka og aðra eins aðferð« og útgáfu falsmiðans, sem hann eignar einhverjum úr flokki Valtýinga, kosningabrellu og kosningasvikamylnu. En hvergi í greininni er það gefið í skyn, að áfrýjandinn telji stefnda hafa búid til, eða átt þátt í falsmiðanum, og slíkt þarf sérstaklega ekki að liggja í því, þótt stefnda sé boðið í greinarkafnanum að líta á miðann, »ef vera kynni, að hann kannaðist við rithöndina«, því að, eins og áfrýjandinn hefir tekið fram, mátti búast við því af stefnda sem sýslu-

skrifara, að hann þekti rithandir í sýslunni mörgum öðrum fremur, og áfrýjandi vildi láta hann skilja, að hann ætti sem siðameistari sá, er hann gæfi sig út fyrir, að vilja hjálpa sér til að finna hinn seka.

Það verður þannig ekki álitid, að hin umstefndu ummæli séu stíluð til stefnda, eða miði til hans, og ber því að sýkna áfrýjandann af kærnum hans og kröfum í máli þessu. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er þykir hæfilega metinn 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Skafti ritstjóri Jósefsson á fyrir kærnum og kröfum stefnda Árna bæjargjaldkera Jóhannssonar í þessu máli sýkn að vera. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 41/1903:

Réttvísín

gegn

Þuríði Þorsteinsdóttur.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkveðnum 20. aprílmán. f. á., var hin ákærða, ekkjan Þuríður Þorsteinsdóttir á Hrisnesi dæmd fyrir þjófnað í 6×5